

Starfsáætlun embættis landlæknis 2025-2026



Embætti landlæknis



Framtíðarsýn

Góð heilsa og vellíðan landsmanna, byggð á heilsueflingu, forvörnum, aðgengilegri og öruggri heilbrigðisþjónustu, sem styðst við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

Hlutverk

Stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsueflingu og öflugum forvörnum.

Gildin okkar

Ábyrgð	Virðing	Traust
Við leysum verkefni sem okkur eru falin af metnaði og fagmennsku. Við bendum á það sem betur má fara	Við berum virðingu fyrir þeim sem til okkar leita og hvert fyrir öðru með því að sýna tillitssemi, góðvild og sanngirni	Við ávinnum okkur traust með því að veita áreiðanlega þjónustu og gæta jafnræðis í hvívetna



	Áskoranir	Tækifæri
Ytri þættir	Fjölgun aldraðra kallar á breyttar áherslur í heilbrigðisþjónustu fyrir þessa aldurshópa	Heilbrigðisstefna liggur fyrir en skilgreina þarf frekar hlutverk og verkefni hinna ýmsu stofnana
	Heilbrigðisþjónustu vegna áfengis- og vímuefnavanda er ábótavant	Lýðheilsustefna, sem tekur mið af heilbrigðisstefnu, hefur verið samþykkt
	Stefna í áfengis- og vímuefnavörnum þarfnast endurskoðunar	Stefna í geðheilbrigðismálum til 2030 hefur verið samþykkt ásamt aðgerðaáætlun
	Biðtími eftir margvíslegri heilbrigðisþjónustu er of langur	Fylgja þarf eftir vinnu við gæðavisa og gæðauppgjör hjá veitendum heilbrigðisþjónustu
	Mönnun í heilbrigðisþjónustu er mikil áskorun	Flestir landsmenn búa í heilsueflandi sveitarfélögum
Innri þættir	Ávana- og fíknilyf eru notuð í meiri mæli hér á landi en í samanburðarlöndum	Fjarheilbrigðisþjónusta er í sókn og nýjar áskoranir fylgja, m.a. þarf að þróa eftirlit
	Neikvæð þróun á andlegri heilsu og félagstengslum barna og ungmenna	Þróun nýrra bóluefna til að bæta lýðheilsu
	Viðhalda þarf góðri þátttöku í almennum bólusetningum barna	Þátttaka í Evrópuverkefnum um aðgerðir vegna ósmittbærra sjúkdóma, geðheilbrigði, gegn sýklalyfjaónæmi, utanumhald með vábirgðum, vöktun smitsjúkdóma og eflingu gagnagrunna
	Sýklalyfjaónæmi er vaxandi alþjóðlegt vandamál með alvarlegar afleiðingar	
	Efla þarf heilbrigðisviðbúnað á landsvísu	
	Kynna þarf starfsemi embættisins frekar fyrir almenningi, heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsfólki	Aukin samvinna stjórnsýslustofnana á sviði gagnagreiningar og eftirlits með gæðum og árangri heilbrigðisþjónustu getur aukið skilvirkni
	Mikilvægir þættir laga um landlækni og lýðheilsu þarfnast endurskoðunar	Ný ESB/EES-löggjöf um heilbrigðisgagnasvæði (EHDS) mun auðvelda samvinnu milli ríkja
	Innleiðing á áætlun um gæðaþróun í heilbrigðisþjónustu er hafin en mikið verk framundan	Samvinna Norðurlanda til að nýta betur gögn úr heilbrigðisskrám til umbóta í heilbrigðisþjónustu
	Verkefnum embættisins hefur fjölgað án þess að fjárveitingar hafi fylgt	Rafrænar heilbrigðislausnir til að bæta skilvirkni, öryggi og þjónustu
		Traust til embættis landlæknis mælist hátt

Heilbrigðisstefna	Lýðheilsa	Sóttvarnir	Innra starf
Áherslur	Áherslur	Áherslur	Áherslur
- Markviss vöktun á veitingu heilbrigðisþjónustu og ráðgjöf henni tengd - Aukin skilvirkni í eftirliti með heilbrigðisþjónustu - Viðtæk gæðapróun innan heilbrigðisþjónustu - Markvisst samstarf og samráð við notendur og hagaðila heilbrigðisþjónustu - Söfnun, notkun og miðlun gagna úr heilbrigðisskrám til ráðgjafar, eftirlits og vísindarannsóknna - Nýsköpun, þróun og innleiðing rafrænna heilbrigðislausna - Einstaklingar hafi aðgang að eigin heilsufars-upplýsingum og séu virkir þátttakendur í eigin meðferð og heilbrigði	- Velsæld fólks og jarðar - Markviss vöktun á heilsu, líðan og heilsuhegðun - Heilsuefandi sveitarfélög, skólar, vinnustaðir, eldri borgarar og þjónusta - Heildstætt símat á lýðheilsustarfi - Tryggja almenningi og stjórnvöldum upplýsingar um geðrækt, heilsuefingu og forvarnir sem byggja á bestu þekkingu og reynslu - Efla félags- og tilfinningafærni barna og unglinga - Forvarnir krabbameina og annarra ósmithærra sjúkdóma	- Vöktun tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, sýklalyfjanotkunar og -ónæmis auk alvarlegra heilsufarslegra afleiðinga eiturog geislavirkra efna, sem ógna almannaeiðli - Miðlun áreiðanlegra upplýsinga og leiðbeininga til almenninga og heilbrigðisstarfsfólks - Öflugar forvarnir gegn smitsjúkdómum með almennum sýkingavörnum og markvissum bólusetningum - Samhæfing viðbragða við heilbrigðisógnum og uppfærsla viðbragðsáætlaða - Aðgerðir til að stuðla að skynsamlegri notkun sýklalyfja og til að sporna við sýklalyfjaónæmi	- Ábyrgð, virðing og traust í starfi embættisins - Skilvirk stjórn fjármála - Þróa áfram rafræna stjórnsýslu hjá embættinu - Öflug öryggis- og gæðastjórnun - Styrkja embættið sem heilsuefandi vinnustað
Aðgerðir	Aðgerðir	Aðgerðir	Aðgerðir
- Þróa nýjar lausnir í eftirlitsstarfi embættisins og leita meira til notenda við eftirlit - Virkt fagráð um sjúklingaöryggi - Efla enn frekar eftirlit með lyfjaávisunum - Innleiða samræmda atvikaskráningu um allt land - Endurmat á <i>Áætlun um gæðapróun</i> - Vitundarvakning um meðferð sjúkraskrárupplýsinga - Innleiða endurskoðaða slysaskráningu - Undirbúa miðlægar skrár um hjarta- og æðasjúkdóma og sykursýki - Innleiða ný fyrirmæli um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu - Undirbúa innleiðingu ICD-11 og fleiri flokkunarkerfa - Undirbúa innleiðingu löggjafar um evrópska heilbrigðisgagnasvæðið - Byggja upp innvið fyrir fjarheilbrigðisþjónustu - Ljúka innleiðingu á miðlægu lyfjakorti - Innleiða nýja skimunarskrá - Vinna að rafrænni miðlun lykilupplýsinga sjúklinga innanlands og innan Evrópu auk aðgangs að lyfjaávisunum og rannsóknarniðurstöðum - Vinna að flutningi á virkni af Mínum síðum á Heilsuvera.is yfir á Ísland.is	- Innleiða velsældarhagkerfi og lýðheilsumat - Gera velsældaráætlun til að bæta líðan og draga úr einmanaleika ungs fólks, m.a. með útgáfu á námsefni í félags- og tilfinningafærni - Efla velsældarfræði og þróa verkfæri til að innleiða velsældarhagkerfi - Mæla heilsulæsi fullorðinna og stuðla að auknu heilsulæsi í skólum - Gefa út og innleiða ráðleggingar um mataræði og næringarefni - Hlutlægar mælingar á hreyfingu, kyrrsetu og svefni - Fylgja eftir aðgerðaáætlun um sjálfsvígforvarnir - Efla þekkingu á loftslagsbreytingum og heilsu - Taka þátt í mati á áhrifum loftslagsbreytinga á heilsu og líðan - Vinna markvisst að forvörnum krabbameina og annarra ósmithærra sjúkdóma - Vitundarvakning um skaðsemi nikótíns - Markviss birting upplýsinga á margvíslegum miðlum um heilbrigða lífnaðarhætti	- Auka vöktun alvarlegra smitsjúkdóma og efla miðlun upplýsinga - Umbætur á stafrænum kerfum og gagnagrunnum sóttvarnalækis - Uppfæra bólusetningaráætlanir og mæla með nýjum bólusetningum eftir aðstæðum - Vinna með heilsugæslunni að aukinni þátttöku í almennum bólusetningum - Uppfæra leiðbeiningar til almenninga og heilbrigðisstarfsfólks varðandi sýkingavarnir - Uppfæra viðbragðsáætlanir með hagaðilum og halda æfingar - Skipuleggja neyðarbirgðir lyfja og hlífðarbúnaðar - Móta aðgerðaáætlun gegn aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma, efla fræðslu og bæta aðgengi að greiningarprófum - Auka fræðslu til almenninga og heilbrigðisþjónustu um skynsamlega notkun sýklalyfja og aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi í anda <i>Einnar heilsu</i>	- Vinna markvisst með gildi embættisins að leiðarljósi - Taka þátt í erlendu samstarfi á verkefnasviði embættisins - Mæla traust almenninga til embættisins - Fylgjast með ánægju með þjónustu embættisins - Áframhald á þróun á vefgáttum til umsókna um starfsleyfi og tilkynninga um rekstur - Koma á vefgáttum vegna kvartana yfir heilbrigðisþjónustu og vegna alvarlegra óvæntra atvika í heilbrigðisþjónustu - Styrkja gæða- og öryggiskerfi embættisins - Útgefið efni embættisins auðfinnanlegt á veraldarvefnum - Vinna með umhverfisvernd að leiðarljósi - Gera reglulega starfsmannakannanir - Vinna markvisst að heilsuefingu á vinnustaðnum

Árangursmat 2025-2026

Markmið	Mælikvarði	Stöðumat	Staðan 2024	Markmið 2025	Markmið 2026
Heilbrigðisstefna					
Starfandi fagráð um sjúklingaöryggi sem heldur málþing einu sinni á ári	Málþing	1 x ári	Fagráð stofnað og málþing haldið	Málþing	Málþing
Gagnadrifið lyfjaávisanaeftirlit byggt á lyfjagagnagrunni	Fjöldi mála	2 x á ári	Undirbúningur	5	5
Gefa út endurskoðaða Áætlun um gæðapróun	Birt á vef	Árlega	Undirbúningur	Endurskoðun	Endurskoðuð áætlun birt
Ljúka innleiðingu á miðlægu lyfjakorti til að auka öryggi í lyfjanotkun	Taka lyf að staðaldri og eiga miðlægt lyfjakort, %	Árlega	Unnið að innleiðingu	100%	Innleiðingu lokið
Undirbúa innleiðingu ICD-11, alþjóðlega tölfraeðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála	Fjármögnuð verkáætlun	Árlega	Ekki hafið	Fjármögnuð verkáætlun liggur fyrir	Vinna við þýðingar hafin
Lykilupplýsingar, lyfjaávisanir og rannsóknir sjúklinga aðgengilegar einstaklingum og heilbrigðisþjónustu innanlands og utan	Allar upplýsingar aðgengilegar	Árlega	Undirbúningur	Lykilupplýsingar aðgengilegar	Lyfjaávisanir og rannsóknir aðgengilegar
Samræmd slysaskráning í heilbrigðisþjónustu og ný slysaskrá	Stöðluð skráning slysa og ný landsskrá slysa	Árlega	Þarfagreining í lokavinnslu	Gerð hugbúnaðar og tilraunaskráning	Samræmd slysaskráning innleidd og ný slysaskrá
Gerð miðlægra skráa um sykursýki og hjarta- og æðasjúkdóma	Skrár um sykursýki og hjarta- og æðasjúkd. til staðar	Árlega	Undirbúningur	Skilgreining innihalds og tæknivinna	Fyrsta útgáfa beggja skráa tilbúin
Lýðheilsa	Mælikvarði	Stöðumat	Staðan 2024	Markmið 2025	Markmið 2026
Virkar velsældaráætlanir í Heilsuefandi samfélögum	Samfélög með virkar áætlanir, %	Árlega	Undirbúningur	40%	60%
Virkni og notkun gátlista heilsuefandi nálgana	Virkni á heilsuefandi.is	Árlega	45%	50%	60%
Efla meðvitund um lífnaðarhætti og líðan	Fjöldi herferða á ári	Árlega	4	6	8
Innleiða lýðheilsumat	Birting á vef embættis landlæknis	Árlega	Undirbúningur	Framkvæmd	Innleiðing
Sóttvarnir	Mælikvarði	Stöðumat	Staðan 2024	Markmið 2025	Markmið 2026
Bólusetningarþátttaka gegn COVID-19 og inflúensu aukin	Þátttaka 60 ára og eldri, %	Árlega	Þátttaka um 50%	Þátttaka 70%	Þátttaka 70%
Aðgerðaráætlun gegn útbreiðslu kynsjúkdóma gefin út	Uppfæra tillögur starfshóps frá 2018	Árlega	Í vinnslu	Ljúka uppfærslu	Aðgerðaráætlun gefin út
Uppfæra og æfa viðbragðsáætlanir	Áætlanir uppfærðar	Árlega	Í vinnslu	Æfingar gerðar og uppfærsla hafin	Æfingar gerðar og uppfærsla lokið
Efla vöktun á notkun sýklalyfja á heilbrigðisstofnunum	Stofnanir sem senda gögn með sjálfvirkum hætti, %	Árlega	Gögn ekki send með sjálfvirkum hætti	Hefja verkefni um sjálfvirkar sendingar	Gagnaflutningur hafinn
Innra starf	Mælikvarði	Stöðumat	Staðan 2024	Markmið 2025	Markmið 2026
Fylgjast reglulega með ánægju almennings með þjónustu embættisins	Mikil/mjög mikil ánægja, %	Árlega	Undirbúningur	Framkvæmd	>90%
Starfsánægja	Hlutfall ánægðra	Árlega	86%	>90%	>90%
Veikindafjarvistir	Veikindadagar sem % starfsdaga	4 x ári	5,9%	5%	<5%
Vefgátt og rafræn samskipti vegna starfsleyfa og rekstrarheimilda, atvika og kvartana	Komið í gagnið	Árlega	Undirbúningur	Lokið	